



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 15. apríl. 29. apríl
og 13. maí
Pantið tímanlega.

Tímapantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

tími

Samkaup strax

Opnunar-

Mánudaga-föstudaga	9:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Athugið breyttan opnunartíma á sunnudögum
Verið velkomin
Starfsfólk Samkaup Strax



KB BANKI

Hraðbankinn
er opin allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Breittur viðtals tími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Athugið!!!!
Breytt símanúmer. 480-4700.

Pési

181. tbl. 15. árgangur

Apríl 2005

Ritstjóri: Ísólfur Gylfi Pálmason

www.hrunamannahreppur.is

Útgefandi: Hrunamannahreppur

Netfang: pesi@fludir.is

Sími: 480 6600

Styrkur úr Landbótasjóði

Landgræðslan hefur ákveðið að úthluta kr. 330.000 til landbótaverkefnisins á Hrunaafretti. Þetta er í tengslum við hina glæsilegu og vel unnu Landnýtingar og landgræðsluáætlun sem unnin var af Sigurði H. Magnússyni og hinni þróttmiklu nefnd sem Unnsteinn Hermannsson stýrði en með honum voru einnig Bjarni Valur Guðmundsson, Ólafur Stefánsson, Hörður Úlfarsson, Loftur Þorsteinsson, Steinar Halldórsson og Jón Óli Einarsson. Nú er bara að hugsa til vorsins og láta síðan hendur standa fram úr ermum í þessu mikilvæga verkefni.

Efnisyfirlit

Sameining sveitarfélaga
Forystugrein sveitarstjóra.

Fréttir frá hreppskrifstofu

Tilkynningar

Auglýsingar

Næsti Pési kemur út:

13.maí

Skilafrestur á efni:

10.maí

Frá sundlauginni á Flúðum Opnunartími

Mánudaga til fimmtudaga

Kl: 18:00—21:30

Laugardaga og sunnudaga

Kl: 13:00—18:00

Sameining sveitarfélaga

Enn koma upp tillögur um sameiningu sveitarfélaga á Íslandi. Þetta er í raun ekkert óeðlilegt vegna þess að hvarvetna í kringum okkur hafa sveitarfélög verið að stækka og á fáum árum hefur sveitarfélögum fækkað um nær meira en helming í landinu. Í lokatillögu nefndar um sameiningu sveitarfélaga segir: “Meginmarkmið sameiningar sveitarfélaga er að þau myndi heilstæð atvinnu- og þjónustusvæði og séu nægilega burðug til að sinna helstu lögbundnu verkefnum sveitarfélaga án samvinnu við önnur sveitarfélög og geti sinnt stjórnslu á faglegan hátt”. Þetta er nákvæmlega sama þróun og átt hefur sér stað t.d. á Norðurlöndum. Þegar fyrst var farið að tala um sameiningu sveitarfélaga héldu margir fram að ýmisskonar starfsemi myndi leggjast af í sveitarfélögunum eins og t.d. kvenfélög, ungmennafélög, kirkjukórar, þorablót og góufagnaður svo eitthvað sé nefnt. Auðvitað er þetta ekki þannig og hér á við máltækið sem segir: “Veldur hver á heldur”.

Vissulega eru það miklar breytingar þegar sveitarfélög sameinast. Það tekur nokkur kjörtímabil að fólk venjist stækkun þeirra. Á sama hátt verða alltaf breytingar á þjónustu og í mörgum tilfellum sameinast skólar og reynt er að koma þjónustunni þannig fyrir að hún verði sem hagfelldust. Það er líka alveg ljóst að það er ekki nóg að sameina sveitarfélög það þarf meira til. Hér í uppsveitum Árnessýslu er löng hefð fyrir samvinnu sveitarfélaga og eiga þeir aðilar sem lagt hafa grunn að því samstarfi þakkir skildar fyrir þá framtíðarsýn. Ekkert gerist að sjálfu sér. Í þessari samvinnu hefur sameiginlegt læknishérað haft mikið að segja og sú trausta starfsemi sem fram fer í Laugarási. Þar er einnig sameiginlegur félagsmálafulltrúi byggðarlaganna. Í Aratungu er ferðamálafulltrúi okkar og á Laugarvatni eru byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi um leið og skrifstofa þeirra er þar. Allir þessir ágætu embættismenn kappkosta að þjóna öllu svæðinu. Samvinna í kórastarfi er gott dæmi um samvinnu sem nær yfir hreppamörk og gerist án nokkurra þvingana. Límtrésverksmiðjan á Flúðum og Yleinng í Reykholti eru táknað dæmi um góða samvinnu sveitarfélaga á svæðinu.

Hinn árlegi fótboltamarkaður Jóa útherja verður haldinn í andyri skólans fimmtudaginn 5. maí (uppstigningadag) frá kl. 11:00 – 13:00 boðið verður uppá nýjustu takkaskóna frá NIKE ADIDAS og Mitre.

Einnig markmannshanska og fótboltar. Hér er eitthvað sem alla fótboltakrakka vantar.

Jói útherji

knattspyrnuverslun

Árshátíð Flúðaskóla 2005

Þann 18. mars sl. héldum við glæsilega árshátíð í anda töfrandi ævintýra H.C.Andersen.

Við viljum þakka öllum þeim, sem styrktu okkur, en allur ágóði af árshátíðinni rennur í ferðasjóð 9. bekkjar.

Sérstaklega viljum við þakka Árna á Útlaganum fyrir ómetanlega aðstoð og tækjalán. Einnig Önnu Ásmundar fyrir þolinmæðina og að umbera okkur þegar heimurinn virtist vera að hrynja.

Að lokum þökkum við Mumma húsverði fyrir að vera alltaf til staðar.

Kveðja
9. bekkur Flúðaskóla.

Tónlistarhátíð á Flúðum.

Föstudaginn 22. apríl mun Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt aðalstjórnanda

hljómsveitarinnar Rumon Gamba halda stórtónleika á Flúðum. Fjöldi kórfólks úr uppsveitum Árnassýslu og frá Selfossi hefur undanfarnar vikur æft af kappi fyrir þessa tónleika undir stjórn kórstjóra sinna. Til stendur að halda tvö tónleika og verða þeir í Íþróttahúsinu á Flúðum.

Á fyrri tónleikunum sem hefjast kl 17:00 mun Sinfóníuhljómsveitin flytja nokkur verk og síðan munu barnakórar syngja saman ásamt hljómsveitinni. Barnakórarnir sem koma fram eru: Kór Flúðaskóla, Kór Þjórskóla, Barnakór Selfoskirkju-eldri deild, Kór Vallaskóla og Barnakór Biskupstungna. Kórarnir munu meðal annars syngja tvö lög eftir Jón Leifs, Siglingavísur og Dýravísur.

Síðari tónleikarnir hefjast kl. 20:00. Þá mun Sinfóníuhljómsveitin flytja nokkur verk m.a. eftir Berlioz. Síðan mun Karlakór Hreppanna syngja tvö lög, fyrst Hermannakór úr óperunni Faust eftir Charles Gounod og síðan lag Sigurðar Ágústssonar, Suðurnesjamenn sem hefur verið útsett sérstaklega fyrir sinfóníuhljómsveit fyrir þessa tónleika.

Því næst mun blandaður kór söngfólks úr uppsveitunum flytja ásamt sinfóníuhljómsveitinni og píanóleikara kvöldsins Miklós Dalmay Kórfantasíu Op. 80 eftir hið mikla tónskáld Ludwig van Beethoven. Tónverkið var frumflutt í Vínarborg árið 1808 og lék höfundurinn sjálfur píanóeinleikinn. Tónleikunum lýkur síðan með Árneshringi, lagi Sigurðar Ágústssonar við texta Eiríks Einarssonar.

Það hallar ekki á neinn þótt þess sé getið að sá einstaklingur sem unnið hefur hvað mest fyrir þessa tónleika er hún Edit Molnár en auk hennar hafa að sjálfsögðu fjölmargir lagt hönd á plóginn.

Gert er ráð fyrir að um 250 manns muni taka þátt í tónleikunum.

Í rökstuðningi nefndar um sameiningu sveitarfélaga segir um tillögu að sameiningu sveitarfélaga í uppsveitum Árnassýslu: “Þrátt fyrir að svæðið sé í raun á þjónustusvæði Selfoss og myndi heilstæða atvinnu- og þjónustueiningu með öðrum sveitarfélögum í Árnassýslu, telur nefndin að sérkenni svæðisins sem öflugt dreifbýlissamfélag í stöðugum vexti vegi þyngra en viðmiðið um heilstætt atvinnu- og þjónustusvæði.” Hvað sem hugmyndum um sameiningarmál líður er lykillinn að sameiningunni bættar samgöngur og þar er brú yfir Hvíta við Bræðratungu og Gjábakkavegur grundvallaratriði og huga þarf að enn frekari samgöngubótum bæði á landi og í fjarskiptum. Nú hefur verið ákveðið að kosning um tillögur um sameiningu sveitarfélaga verði laugardaginn 8. október n.k. þannig að þú hefur nægan tíma lesandi góður til þess að gera upp hug þinn til sameingar – þar verður hver og einn að mynda sér skoðun og eiga við sannfæringu sína.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
Sveitarstjóri.

Fréttir úr Hrunamannahreppi

Flúðasveppir seldir

Það urðu stór tíðindi í viðskiptalífinu 2 apríl s.l. þegar gengið var frá sölu fyrirtækisins Flúðasveppa en þá seldu þau hjón Ragnar Kr. Kristinsson og Mildrid Steinberg Jörfahjónunum Guðbjörgu Runólfsdóttur og Georg Má Ottóssyni fyrirtækið. Fyrirtækið Flúðasveppir er gott dæmi um þegar draumur verður að veruleika. Margir spáðu illa fyrir hugmyndum Ragnars Kristins um að hægt væri að framleiða sveppi í jafn miklu mæli og raun ber vitni. Fyrirtækið er rétt rúmlega tuttugu ára og er eina sinnar tegundar í landinu. Öll umgengni, aðbúnaður og aðstaða er til mikillar fyrirmyndar í þessu fyrirtæki. Um leið og við óskum Guðbjörgu og Georg til hamingju með fyrirtækið óskum við þeim velfarnaðar í rekstri þess. Við Hrunamenn óskum Mildrid og Ragnari velfarnaðar og vonumst til að njóta krafta þeirra hér í heimahéraði um ókomin ár. Nú bíða allir spennir eftir því hvort fleiri draumar þeirra hjóna megi rætast í framtíðinni.

Stóra stundin nálgast – Sinfóníutónleikar

Nú nálgast óðum sú stóra stund að Sinfóníuhljómsveit Íslands heimsæki okkur hingað í hreppi.nn Tvennir tónleikar verða 22. apríl n.k. Þar mun annars vegar verða um tónleika að ræða kl. 17.00 en þetta eru skólatónleikar þar sem börn og unglingar úr Árnassýslu koma fram, eru foreldrar hvattir til að koma á þá með börnum sínum og hins vegar eru almennir tónleikar kl. 20.00. Tónleikarnir verða í íþróttahúsinu á Flúðum. Edit Molnar hefur haft veg og vanda af þessu öllu saman og borið hitann og þungann vegna þessa. Á tónleikunum kl. 17. munu koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni barnakórar úr Árnassýslu frá Flúðaskóla, Þjórsárskóla, Reykholtsskóla, Vallarskóla á Selfossi, og Barnakór Selfosskirkju. Á Tónleikunum kl 20.00 munu koma fram með hljómsveitinni Karlakór Hreppamanna og sameiginlegir kirkjukórar úr Uppsveitum Árnassýslu. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Rumon Gamba en okkar maður Miklós Dlmay mun leika á píanó af sinni alkunnu leikni og list. Við hvetjum alla sem vettlingi geta valdið að upplifa þessa tónleika það er ekki á hverjum degi sem við fáum Sinfóníuhljómsveit Íslands í heimsókn.

Hinn “franski” Vörðukór!

En sagan er ekki öll sögð enn um tónleikahald í hreppnum okkar. Því hið frækna lið Vörðukórsins ætlar að troða upp með sína árlegu tónleika 6. maí kl. 20:30 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum. Hér er nú ekki um neitt venjulega dagskrá að ræða en hún er mjög frumleg og spennandi. Því dagskráin er öll með frönsku yfirbragði - franskur matur, frönsk tónlist og einstakt menningarkvöld, þó með léttu yfirbragði. Nú er bara að vita hvort Hreppamenn, konur og karlar, sem og aðrir gestir verði ekki rómantískir með amors-glampa í augum þegar þeir mæta á þennan menningarviðburð. Stjórnandi kórsins er Stefán Guðmundsson og Katrín Sigurðardóttir er undirleikari. Formaður kórsins er Svanhildur Hrönn Pétursdóttir, skrifstofustjórinn okkar á hreppsskrifstofunni.

Kveðja frá Kór Flúðaskóla.

Nú undanfarið hefur mikið verið að gerast hjá okkur og mörg spennandi verkefni eru framundan.

Við höfum sungið í messu, bæði í Hruna og nú síðast í Hrepphólum 10. apríl með körlunum í kirkjukórnum.

Í tilefni af 50 ára afmæli Tónlistarskóla Árnésinga tókum við þátt í barnakóramóti á Stokkseyri.

1. apríl héldum við skemmtikvöld með bingo, var það vel sótt og fengum við líka gefins marga veglega vinninga, þannig að þetta var velheppnuð fjáröflun.

Framundan er nú söngdagur í Selfosskirkju 16. apríl.

22. apríl munum við syngja ásamt fjórum öðrum barnakórum með Sinfóníuhljómsveit Íslands í íþróttahúsinu hér á Flúðum, þessir tónleikar hefjast kl. 17:00.

Lokaáfanginn í starfi vetrarins verður svo ferð á norrænt barnakóramót sem haldið verður í Vesteras í Svíþjóð. Ferðin stendur frá 4. til 7. maí. Við viljum þakka öllum sem hafa hjálpað okkur og veitt stuðning bæði með fjármunum, gjöfum, bakstri og margskonar vinnu.

Ekki þó síst með því að koma og hlusta á okkur, það er jú það sem mestu skiptir.

Tombóla !!!!!

Lagerútsala!!!!

Í Félagsheimili Hrunamanna
laugardaginn 16.apríl kl 13:00,

verðum við með tombólu og ótrúlega lager útsölu á garðyrkjuvörum og ýmsu fleira.

Sölufélagið og Frjó gáfu körfuboltadeildinni lager af ýmsum garðyrkjuvörum og munum við selja þetta á hlægilegu verði.

Á boðstólum verða blómapottar (úti og inni) af öllum stærðum og gerðum, eitursprautur, stuðningsgrindur fyrir útiblóm, olíu kerti, garðkönnur og fleira og fleira.

Því miður höfum við ekki tök á að taka við greiðslukortum.

Á tombólunni kennir margra grasa og það verða engir auðir miðar.

Sjáumst í sumar stuði.

Körfuboltadeildin.

Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestkalli

Mörgum er um þessar mundir ofarlega í huga andlát og útför eins þekktasta trúarleiðtoga innan kristninnar, Jóhannesar Páls páfa. Þetta hefur beint sjónum okkar að hinum miklu áhrifum sem trúin hefur í mörgum tilvikum á viðhorf og hegðun fólks. Það sýnir okkur um leið að miklu skiptir hvernig farið er með það mikla vald sem leiðtogum og mótendum trúfélaga er falið.

Þá má í þessu samhengi benda mönnum á útgangspunkt hinnar íslensku þjóðkirkju sem einkennist af hógværð, umburðarlyndi og kærleika.

Helgihaldið framundan

Messa

24. apríl í Hrunakirkju kl.13

Fermd verða:

Flosi Þór Sigurþórsson Skipholti 1,
Hákon Aðalsteinsson Hrafnkelsstöðum 3,
Hildur Guðrún Þorleifsdóttir Hverabakka,
Hörður Jóhannsson Vesturbrún 6 Flúðum,
Pálmi Helgason Garði,
Sigurbjörn Jónsson Berghyl,
Þorbjörg Helga Sigurðardóttir Skollagróf,
Þórdís Gísladóttir Laxárhlið.

Með góðum kveðjum
Eiríkur Jóhannsson.

Enn um blómlegt tónlistarlíf

Karлакór Hreppamanna hélt mikla tónleika laugardaginn 19 mars s.l.sérstakur gestakór voru sjálfir Fóstbræður sem hafa langa reynslu af söng bæði á formlegan hátt sem og í Tungnaréttum en margir uppsveitamenn hafa sungið með kórnum í gengum tíðina. Fyrri tónleikarnir voru í Selfoskirkju en þeir síðari í íþróttahúsinu á Flúðum og var aðsókn einstaklega góð húsfyllir á báðum tónleikunum. Þá voru einnig góðir tónleikar í Félagsheimilinu 1. apríl s.l. þar sem Barnakór Flúðaskóla söng. Edit og Miklos báru hita og þunga af þessu tónleikahaldi. Tvær Lettneskar listakonur heimsóttu okkur 8. apríl s.l. og héldu hér tónleika. Ragnar Kristinn Kristinsson hefur aðstoðað þessar ungu konur með því að skipuleggja tónleika í Salnum í Kópavogi, á Isafirði og hér á Flúðum. Þessar ungu konur heita Maija Kovalevska, sópransöngkona en hún var sæmd æðstu tónlistarviðurkenningu Lettlands árið 2004 og Dzintra Erliha píanóleikari hún hélt hér einnig tónleika s.l. haust. Þessum stúlkum er spáður mikill frami í tónlistarlífi framtíðarinnar. Því miður var aðsóknin hér heldur dræm – söm er þó gjörð Ragnars því að tónlistarviðurðir sem þessir skipta samfélagið miklu máli.

Nýtt deiliskipulag – nýtt byggingaland

Hermann Ólafssyni, landslagsarkitekt hefur verið falið að gera nýtt deiliskipulag annars vegar í Högnastaðaásnum þar sem gert er ráð fyrir einbýlishúsum og reyndar einnig parhúsum og hins vegar á svæðinu sem er fyrir neðan hús Tómasar Þóris Jónssonar og hefur það hverfi fengið “vinnuheitið” Tómasarhagi eða Þóristún. Tillögur verða tilbúnar í kringum 20 apríl. Þá hefur einnig verið auglýst breyting á deiliskipulagi í Hofatúni þar sem raðhúsalóð er breytt í parhúsalóð og einnig hefur verið gerð tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Vesturbrún, en þær lóðir eru skammt frá hótelinu. Þetta er gert því mikið er spurt um lóðir á Flúðum um þessar mundir og flestar lóðir sem í boði voru gengnar út.

Hrunamannahreppur kaupir Laxárhlið

Vegna mikillar eftirspurnar eftir lóðum hér og vegna þess að hreppsnefnd horfir mjög til framtíðar var samþykkt á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 5. apríl s.l. að kaupa jörðina Laxárhlið af Landbúnaðarráðuneytinu. Hér er um 40 hektara lands að ræða en inn í kaupunum er einnig garðyrkjustöð, pökkunarhús og lítil íbúð. Viðræður Landbúnaðarráðuneytis og forsvarsmanna sveitarfélagsins hafa lengi staðið yfir og var kaupverðið tæplega 21. milljón króna. Hreppsnefnd samþykkti einnig að húsnæði garðyrkjustöðvarinnar verði auglýst til leigu en ekki er fyrirhugað að selja stöðina. Hér eru sveitarstjórnarmenn að hugsa til framtíðar, hér er um fallett byggingarland að ræða.

Virðulegir embættismenn

Á síðasta hreppsnefndarfundum var útnefnt í tvö virðuleg embætti í sveitarfélaginu. Ruslamálaráðherra var útnefnd Ragnheiður Karlsdóttir og er gert ráð fyrir að ruslahreinsunardagurinn verði 20. eða 27. maí n.k. (nánar auglýst í næsta Pésa af ráðherraum). Þá var Áslaug Bjarnadóttir skipuð í 17. júní nefnd af hálfu hreppsins en fyrir er Guðjón Birgisson sem verður formaður nefndarinnar þetta árið. “Þjóðhátíðardagurinn verður haldinn um allt land þennan dag, eins og maðurinn sagði forðum”. Það eru engir valkostir þar.

Nemendur Garðyrkjuskólans í heimsókn

Á dögunum komu nemendur Garðyrkjuskóla ríkisins í heimsókn hingað í Hrunamannahrepp. Sveitarstjórinn hitti hópinn í versluninni Strax. Þetta var hinn föngulegasti hópur sem hafði mikinn áhuga á svæðinu. Spurði margt er tengdist atvinnu- og mannlífi á staðnum með þeim í för var endurmenntunarstjóri skólans, okkar maður á Suðurlandi, eins og fréttaritarnir eru gjarnan kallaðir, Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Tvístígandi Hollendingar

Eitthvað eru þeir tvístígandi Hollendingarnir sem reisa ætluðu gróðurhús á Flúðum. Óvíst er hvort úr framkvæmdum verður þetta árið, en þeir hafa áður kembt svæðið en reyndar aldrei áður fengið úthlutaðri lóð, fyrr en hér á Flúðum. Þeir hafa enn ekki afsalað sér lóðinni formlega en vöflur eru á þeim blessuðum körlunum

Þetta leynibyrgi eða búr er meistarasmíði hlaðið úr hellum. Höfundur þess hefur tileinkað sér fullkomna nýtingu á náttúruauðævum staðarins, það fellur óaðfinnanlega að landslaginu. Byggingarefnið eru hellur af holtinu úr næsta umhverfi. Búrið er um 40 sm á hæð og um 80 sm á hvorn veg að innanmáli. Framan við opið stendur hella, sem rís upp á rönd. Að utan er búrið að hluta til með óreglulega lögum, sem fellir það enn betur að umhverfinu.

Hver hlóð þetta hellubúr? Hvenær var það hlaðið og til hvers var það notað? Margir hafa velt þessum spurningum fyrir sig. Eitt er víst að búrið hefur verið hlaðið í leyfisleysi, því engin skrásetning er um það né leyfisveiting hjá byggingafulltrúa Hrunamanna. Þetta haganlega mannvirki hefur áunnið sér réttindi þjóðsagnarinnar.

Tvennar tilgátur eru með tilgang búrsins. Önnur tilgáta er sú að fjárgæslu og yfirsetudrengir ásauða hafi reist þetta sér til gamans og til geymslu nestis og afþreyingarverkefna í hjásetunni. Sú tilgáta lifir í hugum eldra fólks í sveitinni.

Þessi tilgáta verður aldrei að fullu sönnuð. Með tilliti til hefðar þjóðsagnarinnar og munnmæla er það mjög freistandi að leggja þessa tilgátu fram fyrir ferðamenn og spámenn framtíðar að einmitt þarna hafi hetja örefanna og einn frægasti útilegumaður og launferðamaður Íslandssögunnar sýnt fram á hugkvæmni við að bjarga sér. Jafnframt bera hellusteinarnir þögult vitni miskunnar og bróðurkærleikar Jóns bróður hans.

Þetta hellubúr er þá ekki síður veglegur minnisvarði um drenglyndi Jóns í Skipholti.

Hjörtur Þórarinnsson

Á æskuslóðum Fjalla-Eyvindar í Hrunamannahreppi

Fararstjóri: Bjarni Valur Guðmundsson, Skipholti og hönnuður ferðalagsins: Æskulýðs- og íþróttarnefnd Hrunamannahrepps.

Hópur göngufólks úr Hrunamannahreppi 23 talsins á aldrinum 9 ára og fram yfir 80 ára, lagði leið sína sunnudaginn 10. ágúst frá Fossi, og suður Skipholtsfjallið að **búri eða byrgi** hlöðnu úr hellum, sem eignað er Fjalla-Eyvindi og áfram suður í Kirkjuskarðið. Búrið er suðaustan í holti í Skipholtsfjalli. Regnskúrir voru öðru hvoru til að kæla mannskapinn.

Gönguleiðin er öll milli 7 og 8 km., en á miðri leiðinni er hellubúrið. Gangan í heild tók um 3 klst. með góðri hvíld við búrið. Þetta er þægileg gönguleið, víðast hvar sléttlendi og það hallar undan fæti mest alla leiðina. Við hellubúrið var stansað og rifjaði Hjörtur Þórarinnsson upp í stórum dráttum lífshlaup Eyvindar Jónssonar. Hann fæddist í Hlíð, næsta bæ við Foss 1714, en dvaldist á æsku- og unglingsárum sínum á fleiri bæjum m.a. í Skipholti, þar sem Jón bróðir hans bjó.

Byrgið

Handverk Eyvindar?

Hin tilgátan er að eigna Fjalla-Eyvindi þetta haglega hellubúr, sem féll svo vel að landslaginu að það gat staðið þarna án vitundar almennings í marga áratugi. Það er mjög freistandi að draga fram rök fyrir þessari tilgátu. Ferðir og dvalarstaðir Eyvindar voru háðir þagmælsku margra samtíðarmanna, sérstaklega hans nánustu. Aðrar byggingar Eyvindar og nýting byggingarefnis gefa sterka samsvörun með þessu litla búri.

Þær sagnir bárust og voru í alla staði eðlilegar að Jón bróðir hans hefði reynt að fremsta megni að liðsinna honum í útlegðinni. Þetta byrgi fannst löngu eftir daga þeirra bræðra. Það ártal er hvergi tímasett. Þá vaknaði sú hugmynd að tengja tilveru og tilgang búrsins handlægni Eyvindar, útlegð hans, umhyggjusemi og aðhlyningu Jóns bróður hans. Þjóðsagan hermir að Jón bróðir hafi flutt honum matvæli og aðrar nauðsynjar upp í búrið og Eyvindur vitjað þetta, er hann dvaldi á laun í nánd eða næstu

Aðalskipulag Hrunamannahrepps

Nú er útrunninn frestur til þess að gera athugasemdir við Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003 til 2015. Fjölmargar athugasemdir bárust. Athugasemdirnar hafa verið sendar Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar en hann og hans fólk, ásamt skipulagsfulltrúa okkar Arinbirni Vilhjálms-syni munu skoða athugasemdirnar. Hreppsnefnd og USU nefnd munu einnig fara allar athugasemdir og þær skoðaðar hver fyrir sig og í framhaldi af þeirri skoðun verður ákveðið með framhaldið.

Örn hélt upp á afmælið í 32 þúsund feta hæð

Örn Einarsson er hugmyndaríkur karl. Það á ekki bara við þegar um atvinnumál er að ræða. Í lok marsmánaðar varð hann sextugur. Hann hefur sérstakt dálæti á Castró frá Kúbu enda heimsótti Örn og kona hans Marit, land hans í tilefni þessara tímamóta. Sem dæmi um hve hrifinn hann er af Castró – hefur hann skýrt hinn al íslenska hund sinn þessu virðulega nafni, þannig að vinirnir Örn og Castró spá í heims-málin dag hvern. Talið er að hundurinn sé Vinstri-Grænn, enda geltir hann óspart að sveitarstjóranum þegar þeir hittast. Örn hélt upp á afmælið í 32 þúsund feta hæð og ekki nóg með það, þetta varð síðasta ferð Arngríms flugstjóra hjá Atlanda. Ekki fylgdi sögunni hvort það var vegna aldurs Arnar, Arngríms eða óláta í afmælisveislunni.

Það kom söngfugl að sunnan

Þetta ágæta lag sungu karlarnir í Karlakór Hreppamanna á dögunum. En undanfarna daga hefur svartur svanur sprangað hér um lendur Hrunamannahrepps og hefur hann sett svip sinn á umhverfið. Hvar hann er í augnablikinu er ekki vitað en hann er e.t.v. táknrænt dæmi fyrir þá alþjóðavæðingu sem á sér stað hér og annars staðar á landinu.

Fornleifarannsóknir á Búðarárbakka

Fornleifastofnun hefur sent Hreppsnefnd bréf vegna áhuga þeirra á að kanna fornleifar við Búðarárbakka á Hrunamannaafretti. Þeir ætla að kanna leifar af býli sem var þarna líklega á 17 öld. Sá sem stýrir rannsókninni heitir Kristján Mímisson og eru hugmyndir hans í þá veru að fylgja ábúandanum sem bjó þarna og flakkaði víst víðar um Árnes-þing og skrifa í framhaldi af þessu doktorsritgerð. Þetta eru auðvitað spennandi mál fyrir þá sem áhuga hafa á sögu og fornleifum.

Golfklúbburinn 20 ára

Golfiðkendur eru farnir að pússa kylfurnar og sést hefur til manna bæði hér heima og erlendis munda kylfurnar því mikið stendur til. Golfklúbburinn er 20 ára um þessar mundir. Á Efra-Seli hefur verið bætt aðstaðan á vellinum. Þar stendur til að hafa golfnámskeið í sumar. Nú er opið í Golfskálanum á Efra-Seli föstudaga – laugardaga. Einnig er allt að fara í fullan gang á Snússuvelli í Ásatúni.

Danskennarar

En þau ‘Asta og Halldór í Efra- Seli gera fleira en að dekstra við golfáhugamenn. Þau hafa í vetur verið að kenna ungviðinu að dansa í skólanum. Þau segja að unga fólkið okkar sé: “gott fólk og allir séu í góðu jafnvægi “ eins og þau orða það. Það er gott og gaman til þess að vita og þroskandi fyrir fólk að læra að dansa. Það kemur sér vel fyrir alla að kunna það. Þó það tengist ekkert dansinum sem stiginn var í Hruna.

Jóhanna skólastjóri kemur ekki

Jóhanna Vilbergsdóttir skólastjóri Flúðaskóla hefur ákveðið að segja sig frá skólastjórarstarfinu, en hún hefur eins og kunnugt er verið í leyfi um tveggja ára skeið vegna veikinda. Guðjón Arnason hefur verið skólastjóri í veikindaförföllum hennar. Fræðslunefnd Hrunamannahrepps hefur þegar auglýst skólastjórarstarfið laust til umsóknar og gefur Þorleifur Jóhannsson, formaður allar frekari upplýsingar um það.

Minjasafnið í Gröf

Enn fundar undirbúningsnefnd um framtíð Minjasafnsins í Gröf. Að vanda er aðalhvatamaður þessa Guðjón Emilsson. Fyrirhugað er að gera safnið að sjálfseignarstofnun og reka það í samvinnu við Byggðasafn Árnesinga. Allir þeir sem vilja koma að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar eru hvattir til þess að hafa samband við Guðjón. Víst er að safnið er stórmerkilegt og margt hægt að gera ef áhugi, fjármagn og forysta fæst í málið.

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Síðasta opna hús þessa vetrar verður í Félagsheimilinu fimmtudaginn 28. apríl, í boði kvenfélagsins, eins og venjulega. Boðsgestir verða eldri borgarar úr Skeiða og Gnúpverjahreppi. Samkoman hefst kl. 14. Allir 60 ára og eldri velkomnir.

Fimmtudaginn 20. apríl verður samkoma í Skálholti, þar sem boðnir eru eldri borgarar úr uppsveitum Árnessýslu. Samkoman hefst kl. 10.30. Boðið er upp á hádegisverð og miðdagskaffi og kostar það kr. 500. Þarna verða umræður, söngur ofl.

Ennfremur er búið að ákveða skemmtiferðina í sumar. Farið verður af stað 13.júní. Fyrstu nóttina verður gíst á Laugum í Sælingsdal, næstu nótt á Ísafirði, og þá síðustu aftur á Laugum.

Þessi ferð verður auglýst nánar í næsta Pésa.

Með kærri kveðju
Stjórnin

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00
Þriðjudaga 16:00-18:00
Miðvikudaga 16:00-18:00
Fimmtudaga 16:00-18:00

Alltaf nýjar bækur og blöð

Hrunamannahreppur

Skrifstofan er opin,
frá kl 9-12 og 13-16.
Mánudaga til föstudaga

Frá æskulýðsnefnd Smára

Farið var á sýninguna Æskan og hesturinn í bytjun mars, tæplega 60 manna hópur fór bæði í rútu og einkabílum. Skemmtu allir sér vel á sýningunni sem var einkar vönduð og mikið í hana lagt. Á eftir var farið og satt hungrið á Sprengisandi.

Hvetjum við foreldra að skrá börn sín í Smára þau þurfa ekki að borga félagsgjöld fyrir en 16 ára, en félagið fær hærra hlutfall af lottó tekjum ef félagatalan er hærri en á móti greiðir félagið niður ýmsar uppkomur, námskeið og fleira.

Reiðnámskeið verða á vordögum bæði fyrir börn og fullorðna.

Munið!!! Má ekki rúnta á reiðvegum.

Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur Hrossaræktarfélgs Hrunamanna verður haldinn miðvikudaginn **20. apríl kl. 20:30** í Félagsheimili Hrunamanna. Hefðbundin aðalfundarstörf. Umræður verða um breytta félagsaðild hjá Hrossaræktarsamtökum Suðurlands sem stendur fyrir dyrum og breytta starfsemi samtakanna. Eftir þessa breytingu verður félagið ekki lengur deild í samtökunum og starfar því áfram á eigin forsendum með eigin lög og eigið félagatal.

Einnig verður farið yfir stóðhesta á vegum félagsins í sumar en það eru á fyrra gangmáli Kormákur frá Flugumýri og á seinna gangmáli Andvari frá Ey. Verð undir báða hestana er kr. 53.000,- m/vsk (sónarskoðun innifalin) fyrir félagsmenn og kr. 60.000,- fyrir aðra. Kormákur hefur hlotið 1. verðlaun fyrir afkvæmi og Andvari heiðursverðlaun. Félagsmenn hafa forgang með pantanir til 15. maí. Léttar veitingar í boði félagsins.

Stjórnin

Uppskerudagur á Flúðum

Það er gott að eiga hæk í horni og það er gaman þegar gamlir uppsveitamenn sýna svæðinu okkar áhuga. Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélag Garðyrkjumanna og fleiri góðir menn hafa kastað fram þeirri hugmynd að halda sérstakan uppskerudag á Flúðum seinni part sumars. Haft hefur verið samband við Unnstein Eggertsson sem er ein af driffjöðrunum í Iðandi dögum og er spurningin hvort hægt er að tengja þessa atburði saman. Víst er hér um mjög spennandi hugmynd að ræða sem vonandi verður framkvæmd og síðan árviss viðburður, eins og þegar vínbændur í Frakklandi, Þýskalandi og víðar kynna vínframleiðslu sína. Ólíklegt er talið að um vínkynningu verði að ræða svona fyrsta kastið a.m.k. Þegar hefur verið vakin athygli á þessu máli og matjurtaframleiðslunni í þingsölum Alþingis sem leiddi til þess að Björg Eva Erlendsdóttir fréttamaður fjallaði um málið á Fréttavakt útvarpsins. Nú er það okkar að láta drauminn rætast.

Nýtt upplýsingaskilti við Flúðir

Sett hefur verið upp nýtt skilti við Flúðir skammt frá Útlaganum. Mikið hefur verið kvartað yfir merkingum í hreppnum og að erfitt sé að átta sig á staðháttum. Vonandi hjálpar þessi merking til þess að gestir átti sig á staðháttum. Eins og áður hefur komið fram í Pésanum er allt of algengt að götumerkingar fái ekki að vera í friði hér um slóðir en það er auðvitað mjög slæmt því þó að við vitum hvar allt er hér vita gestkomandi það ekki.

Intrum innheimtir

Sent hefur verið út bréf til allra viðskiptavina Hreppsskrifstofu Hrunamannahrepps og Hitaveitu Flúða og nágrennis þar sem kynntar eru breytingar á innheimtumálum hjá okkur. Til þess að forðast allan miskilning eru lang flestir greiðendur afar skilvíst fólk og allar greiðslur ganga eðlilega fyrir sig sem við erum mjög þakklát fyrir. Hins vegar er það skylda okkar að kynna þessar breytingar fyrir öllum því við viljum að sem mest jafnræði gildi. Það er ekkert jafnræði í því að fólk komist upp með að borga ekki skuldir sínar þegar aðrir standa alltaf í skilum.

Að vera meira maður.

Sigurður Norðdal hvatti okkur til þess að vera meira menn. Mér finnst mannlífið hér verða sífellt menningarlegra með hverju árinu og þar með betra og fjölbreyttara.

Fóstra Steins Steinars sagði honum að þeir fyrir sunnan notuðu menningu sem rímorð á móti þrenningu. Það getur vel verið rétt en ómenning er andheiti menningar og þess vegna viljum við forðast hana.

Íslenska samheitaþókin segir okkur að menningarsnautt samfélag sé lágkúrulegt. Mér flaug þetta í hug á Bingókvöldi skólakórsins okkar og varð um leið hugsað til frábærra tónleika karlakórsins með Fóstbræðrum. Stolt, gleði og þakklæti var blandan sem hríslaðist um æðar mínar bæði kvöldin.

Humbolt sagði að í rauninni eru það tengslin við fólk sem gefa lífinu gildi. Og landbúnaðarráðherra okkar gæti alveg hafa sagt, þar sem tveir menn koma saman þar er menning. Ég held að fátt auki viðsýni okkar meira en að finna til samkenndar með öðrum. Maður er manns gaman hvort heldur við gefum eða þiggjum.

(Þegar ég verð orðlaus (sem er sjaldgæft) stel ég öllu steini léttara sem hyggið fólk segir og nota Hannesaraðferðina að geta ekki heimildarmanna nema þegar ég man.

Þessvegna er þetta greinarkorn fullt að vísunum og tilvitnunum í gott fólk).

Samfélag okkar er eins gott og við sjálf. Hér er greinilega stór hópur fólks, meira menn (en ekki hvað..?)

Við eigum frábæra leiðtoga sem hvetja okkur til frjórra lífs, hvort heldur í tónlist, íþróttum, góðum siðum eða öðru. Það er þeim að þakka að hér er lifað með menningarbrag.

G.Margrét Óskarsdóttir

Frá Vörðukórnum .

Hið árlega matar og menningarkvöld kórsins verður í Félagsheimili Hrunamanna föstudaginn 6.maí kl. 20:30. Landið, sem verður tekið fyrir að þessu sinni er Frakkland. Nánar verður auglýst er nær dregur.

**Takið frá föstudagskvöldið 6. maí
fyrir frábæra skemmtun.
Vörðukórin**

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:
Andlitsbað
Húðhreinsun
Litun og plokkun
Handsnyrting
Fótsnyrting
Förðun
Vaxmeðferðir
Tímapantanir í síma 566-8342

VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir FLÚÐIR- REYKJAVÍK – FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.

ADALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Brottför frá Reykjavík: alla virka daga kl. 13:00

Á Selfossi hjá HÚSASM. og BYKO kl 14:00

Nánari upplýsingar: Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1 Flúðum

**Starfsmaður óskast til vélsmiða og landbúnaðarstarfa.
Húsnæði á staðnum ef óskað er.
Upplýsingar í síma 898-7186**

Til Leigu:

Iðnaðarhúsnæði á Flúðum
Upplýsingar gefur Pálmar: 892-2370

Til Sölu:

40 ft. gámur og skrifstofuhúsgögn
Upplýsingar gefur Pálmar: 892-2370

Kaffi—sel ehf. Efraseli.
Opnunartími í apríl.

Föstudaga. 17:00-21:30
Laugardaga. 12:00-21:30
Sunnudaga LOKAÐ.

Starfsfólk óskast!!

Aldurstakmark 20 ára.

Upplýsingar veitir Ásta í síma 486-6454 / 486-6690

Vortónleikar Karalakórs Hreppamanna á VHS spólu

Get yfirfært vortónleika Karalakórs Hreppamanna frá því í Selfosskirkju, laugardaginn 19. mars þar sem Fóstbræður sungu með á frábærum tónleikum á VHS spólu beint í videótækið þitt fyrir 2.000 krónur. Góð myndgæði og gott hljóð. Áhugasamir geta pantað spólu í síma 843-5305.

Hef til sölu heita potta heldur betur fína og flotta eru til í tveimur gerðum á tiltölulega góðum verðum

Get annast niðursetningu og alla timburvinnu ef óskað er, í tilboði eða í tímavinnu uppl. í s.8936103

Tek að mér að fella tré og eða grisja garða og sumarbústaðalóðir uppl. í s. 8936103

Myndir..

Á einhver myndir, gamlar eða nýjar, sem tengjast kirkju-
starfinu í Hruna?

T.d. Frá barnastarfinu, kóræfingum í kirkjunni, athöfnum
eða frá ymsum framkvæmdum við kirkju,
garð eða safnaðarheimili.

Þeir sem eiga svona myndir og vilja lána þær til eftirtöku
eru beðnir að hafa samband við Mörtu
í síma 486-6412 eða 899-6412.

Hugmyndin er að safna myndunum í möppu
og hafa til sýnis í safnaðarheimilinu.

Með von um góðar undirtektir.

Sóknarnefndin

Í tilefni 17. júní.

Auglýsum eftir skemmti eða sýningaratriðum fyrir þjóðhá-
tíðarskemmtun á Flúðum.

Hugmyndum er hægt að koma á framfæri við
Arnfríði /486-6648, Áslaugu /846-9482, Guðjón /894-0448
17. júní nefndin.

Félög—Kórar—Fjáröflunarnefndir.

Vantar ykkur aukapening?

Við höfum laus störf í sumar við slátt og hirðingu kirkjugarðsins í Hruna. Ahugasamir hafi samband við Mörtu í síma 486-6412 eða 899-6412. Sóknarnefndin.

Samkaup Strax Flúðum

Óskum eftir að ráða fólk til starfa í sumar. Upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum.

Barnapössun

Er ekki einhver sem vill passa mig meðan Leikskólinn er í sumar-fríi, frá mánaðarmótum júní og júlí til miðjan ágúst. Ég heiti Birgir Januz og á heima á Högnastíg 54 og verð 2. ára 1. ágúst. Nánari upplýsingar í síma 486-6702(Helga á Melum)

Tapað—fundið

Farsími fannst fyrir utan Verslunina Strax föstudaginn 8 apríl. Upplýsingar í Versl. Strax.

Frá íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga - miðvikudaga	15:30-21:00
Fimmtudaga	13:00-21:00
Föstudaga	13:00-21:00



FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

Ferðaáætlun

Alla virka daga

**Frá: VM Flytjanda
Klettagörðum 15, kl: 12:00**

Frá Selfossi kl: 13:30

Pálmar: 892-2370 Bílstjóri: 892-2371

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

(fludaleid@simnet.is)

ATHUGIÐ BREYTTA BROTTFARARTÍMA



Getur nokkur verið á móti því !

Á nýliðnum fundi eldri Hrunamanna, þegar Loftur hafði sagt frá fyrirhugaðri byggingu húsnæðis eldra fólks, (en nefnd var kosin í haust til að kanna möguleika á slíkri framkvæmd),

stóð Sigurbjörg Hreiðarsdóttir upp, og sagði:

“Að nær væri fyrir sveitina að bera ofaní hlöðin og gera við það sem aflaga færi í eldri húsunum heldur en að byggja nýtt”

Satt er það, að að mörgu þarf að dytta og margt að endurnýja. Þarf ekki gömul hús til þess.

Engu að síður er þörf fyrir aukið húsnæði fyrir þennan hóp.

Þjóst ég ekki við að neinn væri á móti því.

En lögmálið er að einn verður eftir í húsum sínum. Árin þjóta hjá og heilsan í samræmi við það.

Sem betur fer eru ekki allir einir þó aldurinn sé nokkur. Gömul hjón vilja minnka við sig.

Líka er garðurinn orðinn til leiðinda, sem áður var ánægjan.

Ég hef skilið það svo,- ef slíkt gæti orðið, að íbúðirnar væru í stærðum sem henta ólíkum þörfum fólks. Þær yrðu til kaups eða leigu. (Að minnsta kosti fyrir viðhaldskostnaði).

Ekki svo, að hægt sé að selja eignir sínar. Geta síðan gengið inn í hreppsíbúðir að kostnaðar litlu.

Við vitum að íbúðir eru í boði fyrir eldra fólk á Selfossi og Hveragerði.

En kannski vildi maður heldur vera í sveitinni hjá kunningjum og vinum ef hægt væri.

Katrín Jónsdóttir Langholtskoti.

Almanak 2004

Þroskahjálp

Janúar	2207	990	12800	5533	2426	5223	
Febrúar	12641	6729	1629	14392	9369	5166	
Mars	6503	11072	9819	4130	3305	10669	
Apríl	7774	14783	3527	1265	8792	13542	
Mái	1135	13805	9013	7543	10561		
Júní	9980	10907	4265	2197	2625	1436	3923
Júlí	2622	8678	6783	10118	9134	7132	
Ágúst	5172	4225	13955	2669	1580	13570	
September	13816	4035	7149	13212	11169		
Október	14261	5391	4405	11782	9025	3780	
Nóvember	8728	7752	4972	2056	13573	7565	
Desember	1973	1058	6	12669	4306		</TD< tr>

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Vetrardagarnir eru bjartir og langir um þessar mundir og leggja okkur þannig línurnar fyrir sumarið sem nálgast nú óðfluga.

Hjá okkur í Kvenfélaginu má segja að vorverkin séu hafin og ýmislegt á döfinni.

10. apríl síðastliðinn - skemmtifundurinn

Kvenfélagskonur og gestir þeirra, sem meðal annars komu úr nágrennasveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi, áttu ljúfa og skemmtilega stund saman sunnudagskvöldið 10. apríl síðastliðinn. Þar var bæði boðið upp á frábæran mat, tiskusýningu og skemmtiatriði af bestu gerð. Nefndarkonum eru þökkúð frábær störf og stund.



28. apríl - fimmtudagur – opið hús

Opið hús í boði Kvenfélagsins, hjá Félagi eldri Hrunamanna í Hrunamannahreppi. Gestum boðið úr nágrennasveit. Sjá nánar auglýst annarsstaðar í Pésanum.

29. apríl - föstudagur - leikhúsveisla í Borgarleikhúsinu.

Kvenfélagið býður kvenfélagskonum í Hrunamannahreppi í leikhús þetta árið. Sýningin margumtalaða og bráðfyndna,

Héri Hérason

(eftir Coline Serreau)

varð fyrir valinu en um er að ræða gamanleikþátt af bestu gerð. Á undan sýningunni ætlum við að skoða okkur um í leikhúsinu, kíkja baksviðs, spjalla við leikarana og fá okkur léttan málsverð. Kvenfélagið greiðir fyrir miða félagskvemma í leikhús og rútu en málsverður og heimsókn baksviðs kosta kr. 1450.-.

Makar velkomnir en þeir greiði sína miða í leikhúsveisluna. Heildarverð fyrir maka kr. 3.750 – 3.950.- (fer eftir fjölda þátttakenda). Brottför kl. 16:45 frá Félagsheimilinu. Vinsamlegast pantið hjá varastjórn í síðasta lagi **sunnudagskvöld 17. apríl.**

Mildrid Steinberg	486-6667
Marta Hjaltadóttir	486-6412
Ragnhildur Þórarinsd.	486-6685.



9. maí - mánudagur- vorfundur Kvenfélagsins

Vorfundurinn verður haldinn **mánudaginn 9. maí** kl. 20:30 á Hótel Flúðum. Á vorfundinum verður ýmislegt sér til gamans gert ásamt hefðbundinni dagskrá. **Takið daginn frá!**

Nú er lag eða hvað?

Um þessar mundir munu nokkrar valinkunnar félagskonur taka saman létt spjall varðandi málefni sem brennur á okkur kvenfélagskonum um allt land. Til að segja ekki of mikið en gera ykkur aðeins forvitin, ætlum við ekkert að upplýsa nánar fyrir en að spjalli þessu loknu og munum koma með það í næsta Pésa.

Þangað til, sendum við sveitungum okkar öllum, hinar bestu óskir um gleðilegt sumar með þökk fyrir veturinn.

Lifið heil.

Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps;

Anna Kr. Ásmundsdóttir formaður

Margrét Óskarsdóttir ritari

Íris Georgsdóttir gjaldkeri.

